



Borgarráð

Reykjavík, 26. ágúst 2024
FAS24080015

Þorragata 1, Sælukot, afnotasamningur um borgarland

Óskað er eftir samþykki borgarráðs á meðfylgjandi afnotasamningi um 532 fermetra borgarland á Þorragötu 1 við Sæluþróð, dagvistunarfélag kt. 460284-0589, Þorragötu 1, 102 Reykjavík.

Greinargerð:

Sæluþróð, dagvistunarfélag rekur leikskóla í Þorragötu 1. Verið er að byggja við leikskólann og stækka þannig að hægt verði að fjölga börnum. Núverandi leiksvæði leikskólans er frekar lítið þannig að þau hafa óskað eftir að taka á leigu viðbótarsvæði til til að auka leiksvæði fyrir skólann.

Greitt er fyrir afnotin gegn greiðslu hlutfallslegar lóðarleigu á svæðinu. Samningurinn er ótímabundinn með 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa

Hjálagt:
Afnotasamningur dags. 26.08.2024

AFNOTASAMNINGUR UM BORGARLAND

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík sem leigusali, hins vegar og Sæluþróð, dagvistunarfélag kt. 460284-0589, Þorragötu 1, 102 Reykjavík sem leigutaki annars vegar gera með sér svofelldan afnotasamning um 532 fermetrar borgarland við Þorragötu sem afmarkað er á meðfylgjandi afstöðumynd og telst hluti þessa samnings.

1. gr.

Hið leigða

Leigutaki tekur á leigu um 532 m² svæði af borgarlandi norðan við núverandi leikskólalóð sem leigutaki er með rekstur sinn á, sbr. fylgiskjal 1.

2. gr.

Nýting á hinu leigða

Leigutaki mun nýta hið leigða sem viðbótarleiksvæði fyrir núverandi leikskóla. Óheimilt er að nýta svæðið fyrir aðra starfsemi en fyrir leiksvæði vegna leikskólastarfsemi. Öll framleiga og framsal er óheimil. Svæðið skal vera opið almenningi utan starfstíma leikskólans. Halda skal svæðinu þrífalegu og haga umgengni sk. reglugerð nr. 1025/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim einkum 7. gr.

3. gr.

Gildistími

Afnotasamningur þessi er ótímabundinn en er uppsegjanlegur af hálfu leigutaka og leigusala með 6 mánaða fyrirvara. Skal uppsögn tilkynnt skriflega til samningsaðila. Leigusali getur þó ekki sagt samningi upp fyrstu 3 árin.

4. gr.

Leigugjald

Leiga greiðist fyrir afnotin 143.000 kr. á ári sem tekur mið að lóðarleigu og tekur breytingum við áramót miðað við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar þar sem grunnvísitala er 633,2 stig. Leigugjaldið greiðist fyrirfram með gjalddaga 1. september ár hvert og eindaga 15 dögum síðar. Fyrsti gjalddagi er 1. september 2024.

5. gr.

Rekstrarkostnaður og viðhald

Frá upphafi leigutíma sem er 1. september 2024 skal leigutaki greiða allan kostnað vegna reksturs og viðhalds hins leigða.

6. gr.

Skil á hinu leigða

Við lok samnings þessa skal leigutaki skila hinu leigða til leigusala. Leigutaki skal við samningslok fjarlægja grindverk, lausabúnað og hreinsa og skila svæðinu í ásættanlegu ástandi.

Verði leigutaki ekki við þessu er leigusala heimilt að fjárlægja allt af hinu leigða á kostnað leigutaka.

7. gr.

Samráð við framkvæmdir

Allar framkvæmdir leigutaka á afnotasvæðinu skulu unnar í samráði við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar. Afnotahafi skal sjá um að útvega öll þau leyfi sem þarf vegna framkvæmda. Leigutaki mun setja niður á eigin kostnað girðingu utanum hið leigða og leiktæki.

8. gr.

Gildisskilyrði

Afnotasamningur þessi er háður því að Sæltröð, dagvistunarfélag hafi starfsleyfi fyrir rekstur leikskóla að Þorragötu 1, Reykjavík. Fellur hann niður ef starfsleyfi er ekki til staðar.

9. gr.

Riftun

Brot á 8. lið varðar riftun samnings. Sama gildir ef vanskil á gjaldi fyrir afnot varir í lengri tíma en tvo mánuði.

10. gr.

Varnarþing

Rísi ágreiningur um afnotasamning þennan má bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík 26. ágúst 2024

Leigusali:


f.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara
um samþykki borgarráðs

Leigutaki:


f.h. Sæltröð, dagvistunarfélags

Vottar að rétttri dags., undirskrift
og fjárræði aðila:

 141255-7279

Fylgiskjal:

Nr. 1 Afmörkun hins leigða

Fylgiskjal 1



[Handwritten signature]
[Handwritten initials]

Fundur í stjórnum Sælfátas,
 dagvæðingafélagsi, l. n. 4602840589,
 sámskyldur frá þóttum
 "Afurðasamningur um Gagarland" í
 Góði Reykjavíkum Gagarlandi.

Stjórn Sælfátas veiti
 stjórnaðingum, Gagarlandi
 Sigurðsson, l. n. 0711504969, felld
 um Góði tíð myndir
 samningurinn fyrir lönd félagsins.

Gert 26.08.2024!

Gagarlandi Sigurðsson, 0711504969
 Singh Kuman Kundra 030372-3449
 Swathy Saradha - 270789-4209
 Loriefe Aldaca - 210390-3839